



Minnisblað

Frá: Ásdísi Ólafsdóttur, svæðisskipulagsstjóra, f.h. samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu.
Efni: Fjárhagsáætlun samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu árið 2026, skýringar á kostnaðarliðum.
Dags: 6. október 2025.

Á 54. fundi samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu þann 24. september 2025 voru drög að fjárhagsáætlun til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

Umræður fóru fram um kostnað við að koma mælíbúnaði í borholu BF-03 og að fjárhagsáætlun verði uppfærð til samræmis.

Samþykkt að SSH uppfæri fjárhagsáætlun og sendi hópnum í tölvupósti. Þá er samþykkt að í framhaldinu fela SSH að senda fjárhagsáætlun til stjórnar SSH til kynningar, og aðildarsveitarfélaga SSH og Veitna/ON vegna fjárhagsáætlunargerðar þeirra.

Fjárhagsáætlunin var uppfærð og send til hópsins í tölvupósti þann 26. september 2025. Einnig var haldinn upplýsingafundur um áætlunina með hópnum föstudaginn 3. október 2025 í gegnum fjarfundarbúnað. Sjá fjárhagsáætlun hópsins á mynd 1.

Í þessu minnisblaði er farið nánar yfir kostnaðarliði fjárhagsáætlunar 2026. Kostnaður vegna reksturs er áætlaður 26.100.000 kr. og vegna nýfjárfestingar 27.300.000 kr. árið 2026.

Ljóst er að umsvif hópsins hafa aukist undanfarin ár. Borun þriggja rannsóknarborhola hófst sumarið 2024, en borun tveggja þeirra er enn ólokið. Jarðlög á svæðinu eru þannig að mikil óvissa er varðandi kostnað og framkvæmd áframhaldandi borunar á svæðinu. Á 50. fundi samráðshópsins þann 30. janúar 2025 var bókað í fundargerð vegna málsins:

Fundarmenn eru sammála um að mikilvægt sé að fá í gang mælingar í holunum BF-03, BF-06, BF-07. Einnig er mikilvægt að fá jarðlagagreiningu á holu BF-06. Ljóst er að óvissa er mikil varðandi kostnað og framkvæmd áframhaldandi borunar BF-09 og BF-08. Niðurstöður mælinganna gætu varpað ljósi á þörf á áframhaldandi borun í holum BF-09 og BF-08, eða nýju holum annars staðar á svæðinu. Ávinningur við áframhaldandi borun með annarri boraðferð en áður, verður að vera meiri en áhættan við borunina.

Skrifstofu SSH er falið að athuga möguleika á því að fá jarðlagagreiningu á holu BF-06.

Skrifstofu SSH og verkefnastjóra COWI er falið að koma mælingum í gang samkvæmt tillögum í fyrirliggjandi minnisblaði COWI dags. 20. janúar 2025 og gera samninga þar af lútandi.

Í framhaldinu var málið tekið fyrir á 600. fundi stjórnar SSH þann 3. mars 2025 og samþykkt að tilfærslur yrðu gerðar milli kostnaðarliða fjárhagsáætlunar 2025 til að unnt væri að hefja mælingar á svæðinu. SSH var falið að gera hlutaðeigandi samninga um rekstur og niðursetningu mæla. Einnig var samþykkt að afgangur að fyrirfram innheimtu fjármagni skv. drögum að ársreikningi 2024, verði geymdur á reikningum SSH þangað til ákvörðun um áframhaldandi borun lægi fyrir.

Um kostnaðarliði fjárhagsáætlunar 2026

Á vegum samráðshópsins hefur verið unnið að reglubundinni uppfærslu grunnvatns- og rennislílkans höfuðborgarsvæðisins. Líkanið er hýst hjá ráðgjafastofunni Vatnaskilum og gegnir lykilhlutverki í framfylgd vatnsverndar sem og við mat á áhrifum framkvæmda eða starfsemi á aðrennissvæðum vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins. Áætlunin vegna kostnaðarliðarins *Árleg endurskoðun grunnvatns og rennislílkans* er byggð á kostnaðaráætlun og rauntölum fyrri ára.

Gert er ráð fyrir rekstri vatnsnema í Bláfjöllum en gengið var frá samningum við COWI um uppsetningu og rekstur mælistöðva grunnvatns í þremur borholum vorið 2025. Áætlun vegna kostnaðarliðarins *Rekstur vatnsnema í Bláfjöllum* er byggð á samningunum.

Kostnaðarliðurinn *Verkefnastjórnun og ráðgjöf v. verkefna hópsins* hefur ekki verið áður á fjárhagsáætlun hópsins. Verkefni hópsins og umsvif hans eru töluvert umfangsmeiri en áður. Borun rannsóknarborhola, rekstur og niðursetning mæla hefur bæst við verkefni hópsins á undanförunum árum. Auk þess hefur borið á fyrirætlunum um uppbyggingar- og skipulagsverkefni í nágrenni vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins. Af þeim ástæðum er talið nauðsynlegt að tryggja svigrúm í fjárhagsáætlun til að hafa möguleika á að óska eftir sérfræðiráðgjöf, aðstoð við utanumhald verkefna og undirbúning funda, eftir þörfum. Þetta er sérstaklega mikilvægt á meðan verkefnin eru jafn umfangsmikil og nú er.

Tafla 1 Kostnaðarliðir fjárhagsáætlunar 2026 vegna reksturs.

Kostnaðarliðir v. reksturs	Áætlun 2025
Árleg endurskoðun grunnvatns og rennislílkans	15.500.000 kr.
Rekstur vatnsnema í Bláfjöllum	3.700.000 kr.
Verkefnastjórnun og ráðgjöf v. verkefna hópsins	5.000.000 kr.
Annað og óvissuálag	1.900.000 kr.

Eins og áður hefur komið fram hefur borun rannsóknarborhola á Bláfjallasvæðinu verið stöðvuð og gert er ráð fyrir að ákvörðun um áframhaldandi borun verði tekin þegar niðurstöður mælinga liggja fyrir. Ekki er gert ráð fyrir að áframhaldandi borunum á fjárhagsáætlun ársins 2026. Verði tekin ákvörðun um að hefja skuli borun að nýju á árinu 2026, mun verða sérstaklega óskað eftir fjármagni vegna þess verkefnis. Þó er gert er ráð fyrir kostnaði vegna frágangs á svæðinu undir liðnum *Borun rannsóknarborhola*.

Verkefnastýring og sérverkefni v. borunar er enn liður á kostnaðaráætlun en gert er ráð fyrir áframhaldandi sérfræðiráðgjöf tengt borverkefni á svæðinu. Til dæmis varðandi ákvörðun um áframhald á borun og boraðferð, auk ráðgjafar við frágang á svæðinu.

Ekki liggur enn fyrir *jarðlagagreining* borholu BF-06. Þar af leiðandi er gert ráð fyrir kostnaði vegna þess árið 2026. Borholan var boruð fyrir sjóframleiðslu fyrir skíðasvæðið í Bláfjöllum árið 2023. Jarðlagagreining borhola er mikilvægur liður í rannsóknum vegna grunnvatns á svæðinu og innlegg í grunnvatns og rennislíkan höfuðborgarsvæðisins.

Gert er ráð fyrir kostnaðarliðnum *Uppsetning mælistöðva í borholu BF-03* en miklar hindranir hafa reynst við að koma niður mælistöð í borholuna. Borholan var boruð fyrir vatnsveitu skíðaskála árið 1995. Kostnaðarliðurinn er áætlaður út frá kostnaðaráætlun í minnisblaði COWI dags. 13. ágúst 2021 og tölvupósti frá COWI til svæðisskipulagsstjóra dags. 6. október 2025.

Bætt hefur verið við liðum vegna óvissu bæði vegna reksturs og nýfjárfestingar en það er gert vegna reynslu fyrri ára af óvissu tengdri verkefnum hópsins.

Tafla 2. Kostnaðarliðir fjárhagsáætlunar 2026 vegna nýfjárfestingar.

Kostnaðarliðir v. nýfjárfestingar	Áætlun 2025
Borun rannsóknarborhola	10.000.000 kr.
Verkefnastýring og sérverkefni v. borunar	3.000.000 kr.
Innkaup og niðursetning vatnsnema og jarðlagagreining í Bláfjöllum	1.000.000 kr.
Uppsetning mælistöðvar í borholu BF - 03	10.000.000 kr.
Varamælir og óvissa	3.300.000 kr.

Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu
Fjárhagsáætlun 2026 Tillaga

	Raun. M01-08 Áætlað M09-12 2025	Uppfærð Áætlun 2025*	Tillaga að áætlun 2026
Tekjur			
Framlög aðildarsveitarfélaga	24,000,000	87,700,000	53,400,000
Samtals tekjur	24,000,000	87,700,000	53,400,000
Rekstur			
Árleg endurskoðun grunnvatns og rennstlíkan	(15,000,000)	(15,000,000)	(15,500,000)
Rekstur vatnsnema í Bláfjöllum	(2,000,000)	(3,500,000)	(3,700,000)
Verkefnastjórnun og ráðgjöf v. verkefna hópsins			(5,000,000)
Annað og óvissuálag			(1,900,000)
Samtals rekstur	(17,000,000)	(18,500,000)	(26,100,000)
Nýjfjárfesting			
Borun rannsóknarborhola	(2,000,000)	(46,300,000)	(10,000,000)
Verkefnastýring og sérverkefni v. borunar	(2,000,000)	(8,000,000)	(3,000,000)**
Innkaup, niðursetning vatnsnema og jarðlagagreining í Bláfjöllum	(3,000,000)	(6,000,000)	(1,000,000)
Uppsetning mælistöðvar í borholu BF-03		(900,000)	(10,000,000)
Óvissuálag		(8,000,000)	
Varamælir og óvissa			(3,300,000)
Samtals nýjfjárfesting	(7,000,000)	(69,200,000)	(27,300,000)
Samtals kostnaður	(24,000,000)	(87,700,000)	(53,400,000)
SSH	0	0	0

Greiðsluskipting v. reksturs				
Sveitarfélög /veitur	Mannfjöldi 1. sept 2025	Hlutfall	2025 raun+áætlun	2026
0000 Reykjavíkurborg /Veitur/ON	146,544	56.1%	(9,536,097)	(14,640,713)
1000 Kópavogsbær	41,458	15.9%	(2,697,807)	(4,141,928)
1100 Seltjarnarneskaupstaður	4,775	1.8%	(310,725)	(477,054)
1300 Garðabær	21,055	8.1%	(1,370,118)	(2,103,533)
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	33,200	12.7%	(2,160,432)	(3,316,899)
1604 Mosfellsbær	14,212	5.4%	(924,821)	(1,419,873)
Samtals v. reksturs	261,244	100.0%	(17,000,000)	(26,100,000)

Greiðsluskipting v. nýjfjárfestingar				
Sveitarfélög /veitur	Mannfjöldi 1. sept 2025	Hlutfall	2025 raun+áætlun	2026
0000 Reykjavíkurborg /Veitur/ON	146,544	56.1%	(3,926,628)	(15,313,849)
1000 Kópavogsbær	41,458	15.9%	(1,110,862)	(4,332,361)
1100 Seltjarnarneskaupstaður	4,775	1.8%	(127,946)	(498,988)
1300 Garðabær	21,055	8.1%	(564,166)	(2,200,248)
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	33,200	12.7%	(889,590)	(3,469,400)
1604 Mosfellsbær	14,212	5.4%	(380,809)	(1,485,154)
Samtals v. nýjfjárfestingar	261,244	100.0%	(7,000,000)	(27,300,000)

*Fjárhagsáætlun 2025 var uppfærð, lögð fyrir stjórn SSH og samþykkt á 600. fundi stjórnar þann 3. mars 2025.

**Borun hefur verið stöðvuð. Sérverkefni tengjast meðal annars ákvörðun varðandi áframhaldandi borun og verkefnum tengdum leyfisveitingum ofl.

Mynd 1: Fjárhagsáætlun samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu árið 2026

Virðingarfyllst,



Ásdís Ólafsdóttir
svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins